

**Mál nr. 132/2014**  
**M og**  
**V v. brunatryggingar lausafjár.**

**Skáli í Bláfjöllum eyðilagðist í bruna. Ágreiningur um bótafjárhæð. Þ. 9.11.2013.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 6.5.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 30.5.2014.

**Málsatvik.**

Skáli í eigu M eyðilagðist í bruna og krefst M þess að fá bætur úr smíðatryggingu hjá V. M var með smíðatryggingu á skála í Bláfjöllum hjá V frá 1.9.2009 til 31.8.2012, en frá 1.9.2012 var M með lausafjártryggingu vegna sama skála þar sem V skipti einhliða um tryggingu vegna skálans og ekki verður séð að V hafi tilkynnt M um þessa breytingu. FME hefur gert athugasemdir við að M voru ekki veittar viðeigandi upplýsingar sbr. 2. mgr.15. gr. og einnig 6. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. V hafnar bótaskyldu og segir að skálinn hafi verið verðlaus vegna ástands hans og kröfu um flutning þar sem engin lóðarréttindi voru til staðar. M hafnar því að skálinn hafi verið verðlaus og vísar m.a. til mats á virði efnis í húsinu frá einni af stærstu byggingarvörverslunum landsins. V viðurkennir að hafa skipt einhliða um tryggingu en heldur því fram að tryggingarvernd M hafi ekki verið lakari eftir breytinguna en fyrir hana og hafi umræddur skáli verið tryggður vegna bruna í bæði smíða og lausafjártryggingu V. V segir að ekki sé deilt um bótaskyldu og V hafi þegar greitt ákvæðna fjárhæð vegna skoðunar og hreinsunar eftir brunann. V segir að hins vegar sé deilt um bótafjárhæð í málinu og samþykkir ekki að Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurði um fjárhæð bóta.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu í máli þessu. V hafnar því að úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum úrskurði um fjárhæð bóta, en ágreiningur í málinu varðar það efni. Í 2. mgr. 3.gr. samþykktu um störf Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 segir: "Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila." Í máli þessu liggur fyrir að V hafnar því að Úrskurðarnefndin úrskurði um bótafjárhæð og er málinu því vísað frá nefndinni með vísan til ofangreinds ákvæðis samþykktu nefndarinnar. Ekki er því forsenda til frekari umfjöllunar um málið.

**Niðurstaða.**

Máli þessu eru vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum.

Reykjavík 19.6.2014.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Valgeir Pálsson hrl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.